

Skólaráð | FUNDARGERÐ

29. október 2018 | Fundarstaður: Glersalur Kl.11:25

Fundarboðun	Guðrún Inga	Aðalheiður Ásgrímsdóttir
Fundarstjórn	Guðrún Inga	Alda Jóna Nóadóttir
Fundargerð	Þorkell Diego	Guðrún Inga Sívertsen
		Máni Þór Magnason
		Pétur Már Sigurðsson
		Þorkell Diego

DAGSKRÁ

Time allotted | Time | Agenda topic Topic | Presenter Name

- Fundargerð síðasta fundar
- Erindi til skólaráðs tekin fyrir
- Dagur gegn einelti 8.nóv
- Skóladagatal 2019-2020
- Skólaþing
- Samstarf skólans
- Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar

Flutningsmaður

Fundargerð síðasta fundar var rædd en engar athugasemdir voru gerðar og var hún samþykkt samhljóða.

Guðrún Inga

Erindi til skólaráðs

Flutningsmaður

Engin erindi höfðu borist skólaráði en undir þessu lið var rætt um bílastæðamál á nemendaplaninu og aðgengi nemenda að bílastæðum. Stæðið fyllist alla jafna á hverjum degi og geta þá nemendur lagt bílum sínum á efra plani Kringlunar.

Guðrún Inga

Einnig var rætt um hvort þörf væri á hleðslustöð. Slíkt erindi hefur ekki borst enn en gera má ráð fyrir að innan tíðar komi fram slík ábending. Var talið rétt að biða með frekari umræður og útfærslur á slíkri stöð þar til þörfin væri orðin brýnni.

Dagur gegn einelti 8. nóvember

Flutningsmaður

Farið var lítillega yfir fyrirhugaða dagskrá 8. nóvembers en sérstök nefnd vinnur að henni. Fundarmenn fögnuðu almennt að hinu brýna málefni sem dagurinn stendur fyrir verði gert hátt undir höfði.

Guðrún Inga

Skóladagatal 2019-2020

Flutningsmaður

Drög að skóladagatali næsta skólaárs voru rædd. Fulltrúar nemenda töldu það fyrirkomulag að skipta námsmatsdeginum í tvennt á milli daga hafi gefist vel og að nemendur hafi nýtt dagana vel til náms. Lagt var til að halda þessu fyrirkomulagi á næsta skólaári.

Þorkell Diego

Skólaþing

Flutningsmaður

Fyrirhugað skólaþing var rætt og reynt að finna heppilega dagsetningu. Niðurstaðan var að leggja til mánudaginn 21. janúar.

Guðrún Inga

Samstarf skólans

Flutningsmaður

Í Aðalnámskrá eru rætt um að skólar hugi vel að nærumhverfi sínu og vinni að uppbyggilegu samstarfi. Niðurstaðan er að skólinn á í litlu formlegu samstarfi við nærsamfélag sitt en eðlilegt að minna sig á að bera virðingu fyrir öllum í nágrenninu, íbúum, fyrirtækjum og stofnunum, m.a. varðandi rusl og fleira.

Þorkell Diego

Önnur mál

Flutningsmaður

Máni sagði nemendur gjarnan furða sig á verðlagningu í Matbúð og nefndi m.a. að hlutfall milli máltíðar og döðluklatta sé fremur þjagað.

Máni Þór Magnason

Þorkell velti því upp hvort heppilegra væri að hafa matarhlé eftir 3. tíma eða 4. eins og nú er. Fulltrúar nemenda könnuðust ekki við að nemendur væru ósáttir við núverandi fyrirkomulag.

Þorkell Diego

Fundi slitið kl. 12:00.